



Fundargerð

491. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,

Þriðjudaginn 14. mars 2023, kl. 16.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru:

Árný Huld Haraldsdóttir, oddviti (ÁHH)

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, varaoddviti (JÖE)

Hrefna Jónsdóttir, aðalmaður (HJ)

Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir, aðalmaður (MDS)

Vilberg Þráinsson, aðalmaður (VP)

auk þess situr Ingibjörg Birna Erlingsdóttir fundinn.

ÁHH ritar fundargerð og er hún 5 bls.

ÁHH býður alla velkomna á fundinn. Athugað hvort athugasemdir séu við fundarboð og fundargögn. Engar athugasemdir. Spurt eftir öðrum málum á dagskrá, fimm mál bárust og samþykkt að taka þau undir liðnum "önnur mál".

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

1. 490. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, 22. Febrúar.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 1.mars

2.1. Skólaakstur - Reglur Reykhólahrepps.

Lagðar fram Reglur Reykhólahrepps um skólaakstur í grunn- og leikskóla Reykhólaskóla.

Oddvita falið að gera breytingu í samræmi við umræður á fundinum.

Sveitarstjórn samþykkir reglurnar. Samþykkt samhljóða.

2.2. Akstursáætlun Reykhólaskóla.

Akstursáætlun Reykhólaskóla fyrir skólaárið 2022-2023 kynnt. Samþykkt samhljóða.



2.3. Ósk um breytingu á skóladagatali.

Skólastjóri hefur dregið beiðni til baka um breytingu á skóladagatali.

Sveitarstjórn samþykkir því ekki bókun í fundargerð Mennta- og menningarmálanefndar.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti. Samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð velferðarnefndar 15. febrúar

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt. *Samþykkt samhljóða.*

4. Fundargerð stjórnar Félagsþjónustu Stranda og Reykhóla 21. febrúar.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt. *Samþykkt samhljóða.*

5. Fundargerð stjórnar Brunamála Dala, Reykhóla og Strandabyggðar 2.mars.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt. *Samþykkt samhljóða.*

Mál til afgreiðslu

6. Boð um þáttöku í verkefni um aðlögun sveitarfélaga vegna áhrifa loftslagsbreytinga (C10).

Reykhólahreppur er boðin þáttaka í samstarfs- og þróunarverkefni sem snýr að aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga. Viðfangsefni Reykhólahrepps í verkefninu verður þurrkar og áhrif þeirra innan sveitarfélagsins.

Reykhólahreppur varð fyrir valinu vegna sérstöðu sveitarfélagsins m.t.t. stærðar og ekki síður þegar kemur að áhrifum langvarandi þurrka innan sveitarfélagsins, s.s. á vatnsbirgðir og atvinnugreinar.

Reykhólahreppur sóttist eftir að taka þátt í verkefninu og fagnar því að fá þetta tækifæri.

Verkefnið er unnið í samstarf við Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Byggðastofnun, Veðurstofu Íslands og Skipulagsstofnun.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu. Samþykkt samhljóða.

7. Starf leiðtoga hringrásarsamfélags.

10 umsóknir bárust um starfið og 4 aðilar hafa komið í viðtöl. Vestfjarðastofa hefur verið okkur innan handar í umsóknarferlinu. Á næstu vikum verður gengið frá ráðningu í starfið.



Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga frá ráðningu í starfið. Samþykkt samhljóða.

JÖE vikur af fundi.

JÖE hefur verið að vinna við verkefnið og lagt til að hún fái greidd 20% stöðu verkefnastjóra í mars. Samþykkt samhljóða.

JÖE kemur aftur inn á fund.

8. Starf sveitarstjóra.

Sveitarstjóri er í 50% veikindaleyfi í mars, hún er við störf alla jafna frá 10-14 alla virka daga.

ÁHH vikur af fundi.

Lagt til að oddviti sinni 50% afleysingu sveitarstjóra í mars og fái greidd staðgengilslaun eftir því. Samþykkt samhljóða.

ÁHH kemur aftur inn á fund.

9. Ágangur búfjár.

Minnisblað frá sambandi Íslenskra sveitarfélaga um ágang búfjár kynnt.

Oddvita falið að kanna hvort tilefni sé til að endurskoða fjallskilasamþykkt sveitarfélagsins og koma því þá í farveg ef svo er. Samþykkt samhljóða.

10. Ósk um niðurfellingu fasteignagjalda

Farið yfir bréf frá Gálgakletti er varðar ósk um niðurfellingu fasteignagjalda.

Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 er sveitarstjórn aðeins heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteingum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf. Heimilt er að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.

Sveitarstjórn getur því ekki orðið við beiðninni. Samþykkt samhljóða.

11. Boðun á 68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að vori, 12. apríl 2023.



Boðað hefur verið til 68. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori og Orkupings Vestfjarða á Ísafirði.

ÁHH, JÖE, HJ, MDS, VP og IBE fara öll á þingið. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

12. Fundargerð 919. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerðin kynnt fyrir sveitarstjórn.

13. Norræn ráðstefna um loftslagsbreytingar og aðlögun

Ráðstefnan kynnt, haldin 17.-18. apríl, og sveitarstjórnarfolk hvatt til að taka þátt í ráðstefnunni.

Önnur mál (ef einhver):

14. Námskeið fyrir starfsfolk Reykhólahrepps

Lögð fram hugmynd að sameiginlegu námskeiði fyrir starfsfolk Reykhólahrepps frá Saga Competence. Tvilþætt námskeið til að stuðla að öflugri liðsheild og hvetjandi vinnustaðarmenningu.

Sveitarstjórn samþykkir að finna dag- og tímasetningu fyrir námskeiðin. Vísað til forstöðumannafundar og JÖE falin skipulagning á námskeiðinu. Samþykkt samhljóða.

15. 2211016 - Velferðarþjónusta á Vestfjörðum - Tillaga starfshóps um samstarf í velferðarþjónustu meðal sveitarfélaga á Vestfjörðum. - Seinni umræða

Sveitarstjórn samþykkir að fara í samstarf í formi leiðandi sveitarfélags um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum þar sem Ísafjarðarbær mun taka að sér að vera leiðandi sveitarfélag. Með sérhæfðri velferðarþjónustu er átt við framkvæmd og rekstur varnaverndarþjónustu sbr. Barnaverndarlög nr. 80/2002 og þjónustu við fatlað fólk skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að útfæra nánar fyrirbyggjandi drög að samningi um samstarf sveitarfélaganna í samráði við sveitarstjóra annarra sveitarfélaga sem einnig



hafa samþykkt umrætt samstarf. Sveitarstjóra er einnig falið að undirrita samninginn að lokinni þeirri vinnu og leggja fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

Samþykkt samhljóða.

16. Viljayfirlýsing frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti

Lögð fram drög að viljayfirlýsingu um mögulegt samstarf við ráðuneytið um aðgerðir sem stuðla að kolefnishlutleysi Reykhólahrepps og þau kynnt.

Sveitarstjóra falið að undirrita viljayfirlýsinguna þegar hún er að fullu tilbúin.

Samþykkt samhljóða.

17. Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Til umsagnar er endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að undirbúa umsögn vegna málsins í samráði við sveitarstjórn og senda inn áður en umsagnarfrestur rennur út. Samþykkt samhljóða.

18. Lóðarleigusamningar Vesturbraut

HJ vikur af fundi.

Vesturbraut 1 - Lagður fram lóðarleigusamningur við Jón Árna Sigurðsson.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning og felur sveitarstjóra að undirrita hann fh. sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

HJ kemur aftur fund.

Vesturbraut 3 - Lagður fram lóðarleigusamningur við Egil Sigurgeirsson og Tómas Sigurgeirsson.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning og felur sveitarstjóra að undirrita hann fh. sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

Ekki fleira gert.

Fundi slitið 18:23.

Fundargerð undirrituð.